


HÆFNIGREINING STARFS



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

HÆFNIGREINING

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) þróaði aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra út frá hugmyndafræði HRSG í Kanada. Hæfnipættir starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknu starfi. Í ferlinu eru hæfnipættir valdir og settir á hæfniprep til samræmis við [hæfniramma um íslenska menntun](#).

FERLI HÆFNIGREININGAR

Skipulagt ferli

Greiningin fer fram á fjórum skipulögðum greiningarfundum með 10 til 20 þátttakendum. Sérfræðingar FA stýra / leiða, á hlutlausan hátt, vinnu funda auk þess að taka saman afurðir milli funda. Ekki er gert ráð fyrir neinu vinnuframlagi þátttakenda milli funda. Ferlið er einfalt og hnitmiðað.

Notkun prepaskiptra hæfnipátta

sem unnið er með á greiningarfundum lýsa á hlutlægan hátt mikilvægri þekkingu og hæfni sem viðkomandi starf krefst. Þegar hæfnipættir starfs hafa verið valdir eru hæfnipættirnir settir hver um sig á viðeigandi prep, til samræmis við íslenska hæfnirammann um menntun.

Afurð

Starfaprófill er afurð hæfnigreiningar og inniheldur skilgreiningu sem er stutt lýsing á meginþáttum starfsins og upptalningu á helstu viðfangsefnum þess. Einnig er lýsing á hvað hver hæfnipáttur sem þarf til að gegna starfinu felur í sér.

Afurð hæfnigreiningar má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í matslista fyrir raunfærnimat, sem hvatningu til starfsþróunar og sem leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsfólks.

VIRK ÞÁTTTAKA ATVINNULÍFSINS

Miklu skiptir að fulltrúar atvinnulífsins skilgreini hvaða hæfni þarf til starfs. Breið aðkoma úr starfsgrein stuðlar að því að nám sem ætlað er til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu sé hnitmiðað og hagkvæmt.

Með þátttöku í hæfnigreiningu gefst fulltrúum atvinnulífsins tækifæri til að hafa áhrif á innihald og uppbyggingu þjálfunar við að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsfólks.

FA og samstarfsaðilar reiða sig á áhuga og velvilja aðila atvinnulífsins til að draga fram niðurstöður sem eru í takt við þarfir þeirra.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Hlutverk FA er að skilgreina, hæfnikröfur starfa í samstarfi við atvinnulífið. FA hefur einnig það hlutverk við að byggja upp ólíkar leiðir sem mæta þeim þörfum, lýsa þeim og leggja fram lausnir svo sem í formi náms eða matslista fyrir raunfærnimat. Hæfnigreiningar FA eru mikilvægur grunnur að því marki. Nýta má afurðir greiningarinnar á margvíslegan hátt, í ráðningar, markvissa fræðslu, starfsþróun o.fl.

FRAMKVÆMD HÆFNIGREININGAR?

Hæfnigreining starfs er unnin af greiningarhópi úr atvinnulífinu og leidd af sérfræðingum FA sem gæta hlutleysis í ferli greiningarvinnunnar.

HVAÐAN KOMA HÆFNIPÆTTIRNIR?

Hæfnipættirnir sem FA notar koma frá kanadíska mannauðs- og ráðgjafarfyrtækinu HRSG sem hefur unnið að þróun þeirra í meira en 30 ár. Hæfnipættir lýsa á hlutlægan hátt mikilvægri hæfni fyrir atvinnulífið. FA hefur þýtt og aðlagð efnið að íslenskum aðstæðum í samræmi við samning við HRSG.

HVAÐ ER STARFAPRÓFÍLL?

Starfaprófill er afurð hæfnigreiningar og inniheldur skilgreiningu starfs, lista helstu viðfangsefna og lýsingu á þeirri færni / hæfni sem þarf til að gegna starfinu með góðu móti.


Nánari upplýsingar um hæfnigreiningar FA má finna á: www.frae.is/hæfnigreiningar

Hæfnigreining er: Greining á þeim kröfum sem starf gerir til fólks sem sinnir viðkomandi starfi.

Hæfnigreining er ekki: Starfs- eða kjaratengt mat.

FERLI HÆFNIGREININGA

Hæfnigreiningar starfs – ferli 10-20 þátttakendur alls
Fulltrúar starfs og hagsmunaaðilar



Myndin lýsir heildarferli hæfnigreiningar á starfi – hver greiningarfundur er þrjár klukkustundir

GREININGARVINNAN - Virk þátttaka atvinnulífsins

Sérfræðingar frá FA undirbúa og skipuleggja vinnu við hæfnigreiningu ásamt stýrihópi sem samanstendur af hagsmunaaðilum úr starfsgreininni, alls 5-7.

Í stýrihóp velst fólk sem þekkir starfið mjög vel eða sinnir starfinu, til dæmis stjórnendur úr starfsgrein og öðru fólki sem hefur sérþekkingu á starfinu.

Greiningarhópurinn samanstendur af fólki sem sinnir viðkomandi starfi og fulltrúum úr stýrihópi. Það eru einstaklingar sem sinna viðkomandi starfi, stjórnendur í starfsgrein og annað fólk sem hefur þekkingu á starfinu.

HLUTVERK STÝRIHÓPS

Í stýrihópi eru fulltrúar stjórnenda og eða starfsfólks þeirra hagsmunaaðila sem starfið varðar og fulltrúi verkkaupa, ef áhugi er á. Hlutverk stýrihóps er að útvega starfslýsingar og önnur gögn, ásamt að fá til þátttöku á greiningarfundina fólk sem þekkir vel til starfsins, sinnir því eða hefur nýverið sinnt starfinu.

Stýrihópur fer að lokinni greiningu yfir niðurstöðurnar og staðfestir starfaprófillinn. Gert er ráð fyrir að fulltrúar úr stýrihópi taki alla jafna þátt á greiningarfundum.

HLUTVERK GREININGARHÓPS

Þátttakendur veljast út frá tengingu þeirra við starfið. Ekki er þörf á undirbúningi fyrir eða á milli greiningarfunda.

Hæfnigreiningunni stýra sérfræðingar FA. Vinna þátttakenda felst m.a. í að skilgreina starfið (kjarna og viðfangsefni); velja starfstengda hæfnipætti fyrir starfið; setja hæfnipætti á hæfniprep og að lokum setja almenna starfshæfni á hæfniprep.

Reynslan sýnir að þátttakendum þykir bæði upplýsandi og gagnlegt að taka þátt í fundunum. Kannanir meðal þátttakenda hafa leitt í ljós að meirihluti þeirra tæki aftur þátt væru þau beðin um það. Mörg þeirra segja einnig að þátttakan hafi nýst sér persónulega og/eða í starfi.

Útgefandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Þriðja útgáfa 2026

